

Vettvangsheimsókn í Starfsendurhæfingu Norðurlands.

SN er sjálfseignastofnun, stofnuð 2006 og rekin af Geirlaugu Björnsdóttur. Það er alltaf athyglisvert að spá í hvernig svona verkefni hefjast og Geirlaug stofnaði þetta fyrirtæki frá Húsavík árið 2003. Í upphafi veitti fjárlaganefnd Alþingis 5 milljónir í verkefnið. Geirlaug fékk 25 vinnutíma aukalega hjá bænum á mánuði til skipuleggja verkefnið, annars fór fjármagnið í að kaupa þjónustu fyrir fólkið.

SN er nú til húsa í mjög góðu húsnæði á Glerárgötu 36 á Akureyri þar sem höfðustöðvarnar eru til húsa, auk þess sem Geirlaug vinnur einn dag í viku í verkefninu á Húsavík. Verkefnið hefur fengið Leonardo styrk árið 2005 sem sótt var um í gegnum Háskóla Íslands.

Fyrirtækið er fjármagnað áfram á ýmsan hátt.

Þjónustusamningar við VIRK endurhæfingarsjóð, Tryggingastofnunar ríkisins um endurhæfingu fyrir ákveðinn fjölda einstaklinga (21). Stapi, lífeyrissjóður. Styrktaraðilar s.s. KEA.

Margir sem vísa og kaupa þjónustu- eru Akureyrarbær, FSA, Vinnumálastofnun. Mikil samvinna kerfa og stofnana-ábyrgð einstaklinga. Víðtæk samvinna heilbrigðisþjónustu/ félagsþjónustu/ framhaldsskóla (sérskipulagt nám). Stefnt að auknum lífsgæðum fyrir einstaklinginn og endurhæfingin fari fram í heimabyggð og keypt er fyrir hann þjónusta í nærumhverfi.

Ýmis vandamál einstaklinganna orsök brottfalls af vinnumarkaði, Stoðkerfisvandi, geðraskanir, vímuefnavandi, félagslegur vandi o.s.frv.

Þjónustan: Hver notandi fær tengil sem staðsettur er á miðstöð SN sem gerir með honum endurhæfingaráætlun. Stuðningsráðgjöf,

sjálfsefning, fjármálaráðgjöf, atvinnuleit, tengsl við heilbrigðisþjónustu o.s.frv. Byrjað er í undirbúningshópi sem starfar í 1 ár hjá iðjuþjálfva.

SN kaupir margskonar þjónustu í bænum fyrir meðlimi sína- BYR námstengd endurhæfing, Símei (símenntun Eyjafjarðar), Punkturinn, Líkamsræktarstöðvar, ráðgjafar, jógakennarar, Brúin-
stuðningsúrræði, Menntasmiðja kvenna, keyrt 1x á ári (handverk, myndmennt, tölvur, skapandi skrif, jóga, göngur). Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, sálfræðiviðtöl og margskonar þjónusta. Eitt dæmi er maður sem vildi bæta við sig námi í trésmíði en var ekki fær á bókina en jafnframt langaði hann til að stofna fyrirtæki. Keypt var fyrir hann ráðgjöf hjá viðskiptafræðingi úti bæ og rekur þessi maður 2 fyrirtæki í dag! Þetta er hægt því um sjálfseignarfyrirtæki er að ræða.

Fundað er reglulega með fjölskyldudeild Akureyrarbæjar, á geðdeild FSA og samvinna er við heilsugæslu. Samningur er nú um endurhæfingu fyrir 50 einstaklinga í 6. mán-ár-18 mán.

60 manns eru í eftirfylgni.

Geirlaus sýndi glærur um árangurinn sem var glæsilegur en ég hef enn ekki fengið glærurnar sendar frá henni.

Ég spurði hana um þjónustu við geðfatlaða og hún sagði að þetta væri erfið dagskrá og það væri ekki hópurinn sem væri að taka þátt. Algengast er að fólk með geðraskanir fari í gegnum heilsutengda endurhæfingu hjá þeim.

E.T.N.A. er nýtt teymi hjá þeim sem tekur sérstaklega á málum fólks með stoðkerfisvandamál. Teymið skipa sjúkraþjálfva, iðjuþjálfva, sálfræðingur, félagsráðgjafi og virtist starf þeirra mjög öflugt.